

Sþ.

61. Tillaga til þingsályktunar

[57. mál]

um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu nýrrar reglugerðar um aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands til að takmarka svo sem framast verður unnt þann aðgang. Reglugerðin verði í samræmi við væntanlegan hafréttarsáttmála og gefin út sem fyrst eftir að hann verður undirritaður.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum vikum varð það slys að eldur kom upp í sovéskum kjarnorkukafbát skammt frá Okinawa í Japan. Kafbáturinn varð stjórnlaus, og greip um sig ótti í Japan um að geislavirkni frá honum kynni að valda tjóni á mönnum og fiskimiðum. Svo fór, að kafbáturinn var dreginn til Vladivostok, og kjarnorkumengun varð engin. Báturinn var oft innan japanskrar landhelgi, meðan þessu fór fram — í fullum rétti samkvæmt alþjóðalögum.

Þetta atvik varð meðal annars til þess, að fulltrúar margra þjóða á hafréttaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í ágústmánuði gerðu að umræðuefni rétt herskipa og herflugvéla til að fara um landhelgi annarra ríkja, og mæltu þeir fyrir breytingum í þá átt, að þessi réttur yrði takmarkaður.

Sú regla hefur lengi gílt, að herskip annarra þjóða, sem ekki eiga í ófriði, hafi rétt til „meinlausrar siglingar“ (innocent passage eða passage inoffensif) innan landhelgi ríkis. Er þar að sjálfsgöðu átt við sjálfa landhelgina, sem áður var víða 3 mílur, en er nú 12, og kemur þetta 200 mílna efnahags- eða mengunarlögsögunni ekki við. Kafbátum hefur þó verið gert að sigla jafnan á yfirborði.

„Meinlaus“ sigling mun fela í sér, að herskip hafi vopnabúnað sinn allan „slíðraðan“ og sigli viðstöðulaust. Þannig búið hafa þau notið sama siglingafrelsis og kaupskip, en hafa að öðrum kosti þurft að fá sérstakt leyfi viðkomandi lands. Þessar reglur eiga ekki við um sund, sem eru eina leiðin frá einu hafsvæði til annars.

Tillaga þessi er flutt að gefnu tilefni til að vekja athygli á málinu, þar sem fjölfarnar siglingaleiðir kafbáta, þar á meðal kjarnorkukafbáta, svo og annarra herskipa af mörgum gerðum, liggja skammt frá landi okkar.

Hér er í gildi tilskipun um „aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði“. Tilskipunin var gefin út af Kristjáni hinum tíunda 24. júlí 1939, vafalaust samkvæmt ósk ríkisstjórnar Íslands. Tilskipunin er sem hér segir:

TILSKIPUN

24. júlí 1939

um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð ekki eru til reglur um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði, en Vér hins vegar teljum þörf á að slík ákvæði verði sett, viljum Vér hér með fyrirskipa eftirfarandi reglur:

I. KAFLI

Erlend herskip.

1. gr.

Herskipum erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði, er frjálst að koma á íslenzkar hafnir og í aðra íslenzka landhelgi, enda hafi koma þeirra verið fyrirfram tilkynnt opinbera boðleið, og ekki annað ákveðið í sérstökum dæmum. Þó skal ekki fleirum en þremur herskipum sama ríkis, heimilt að dvelja í sömu íslenzkri höfn, og ekki má dvöl herskips í höfn vera lengri en 15 dagar.

Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar er hægt að gera með sérstöku leyfi, fengnu opinbera boðleið.

2. gr.

Undanþegin ákvæðum 1. greinar eru:

- a) herskip, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau skip, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,
- b) herskip, sem lenda í sjávarhásku,
- c) herskip, sem ætluð eru einungis til eftirlits með fiskveiðum eða til vísindalegra rannsókna,
- d) herskip, sem sigla viðstöðulaust gegnum íslenzka landhelgi (passage inoffensif).

3. gr.

Erlendu herskipi er óheimilt að framkvæma sjómælingar eða dýptarmælingar (aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru skipinu á ferð þess) og að halda hvers konar heræfingar í íslenzkri landhelgi eða á íslenzku landi.

Erlendur kafbátur skal jafnan vera ofansjávar, meðan hann heldur sig innan íslenzkrar landhelgi.

4. gr.

Erlendu herskipi er skylt að fylgja á íslenzku forráðasviði gildandi ákvæðum um hollustuháttu, hafnsögu og tollgæzlu.

5. gr.

Erlendum herskipum er skylt að leggjast við akkerisfestar á þann stað í íslenzkri höfn, eða skipalægi, er hlutaðeigandi hafnaryfirvöld, ef til eru, benda þeim á, og er samkvæmt beiðni skylt að flytja sig til í höfn eða skipalægi, eftir nánari tilvísun.

Leyfi, sem gefin hafa verið erlendum herskipum, til að dvelja í íslenzkri höfn, eða á íslenzku skipalægi, eru afturkallanleg hvenær sem er.

6. gr.

Áhöfn erlends herskips, sem liggur í íslenzkri höfn, er óheimilt að bera vopn í landi, þó skal liðsforingjum, undirforingjum og liðsforingjaefnum heimilt að bera þau vopn í landi, er tilheyra einkennisbúningi þeirra.

II. KAFLI

Erlend herloftför.

7. gr.

Erlendum herloftförum er bannað að koma á íslenzkt forráðasvið, nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru:

- a) loftfar, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau loftför, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,
- b) loftfar, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenzka landhelgi,
- c) loftfar, sem er í hásku statt.

8. gr.

Lofftari, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, sem dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi, er óheimilt að hefja sig til flugs á íslenzku forráðasviði, nema að fengnu leyfi samkvæmt undanfarandi grein, og skulu með leyfisbeiðninni fylgja þær upplýsingar, er getur í næstu grein hér á eftir.

9. gr.

Beiðni um leyfi það, sem um ræðir í 6. grein, skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tölu þeirra herloftfara, er taka eiga þátt í fluginu.
2. Tegund og einkenni loftfaranna.
3. Ráðgerða leið yfir íslenzkt forráðasvið.
4. Staði þá, sem ráðgert er að heimsækja.
5. Komu- og brottfarartíma.
6. Sé um loftför með þráðlausum firðritunar- eða firðtalstækjum að ræða, skulu tilgreind hin ýmsu kallmerki.
7. Áhöfn og tölu hennar.
8. Vopnaútbúnað loftfaranna.
9. Myndataeki, sem loftför hafa meðferðis.

10. gr.

Erlend herloftför skulu á íslenzku forráðasviði fylgja vandlega gildandi ákvæðum, sem sett eru til öryggis loftferðum.

Heimilt er að hafa í herloftfari vopn, án skothleðslu, svo og ljósmyndataeki án annars útbúnaðar til myndatöku.

Erlendum herloftförum er bannað að halda heræfingar á íslenzku forráðasviði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Christiansborgarhöll, 24. júlí 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L.S.)

Hermann Jónasson.